

---

**1901 nr. 53 20. desember**  
**Lög um viðauka við tilskipun fyrir Ísland**  
**12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði**  
**með nót**

Tóku gildi 15. maí 1902.

■ **1. gr.**

□ Þilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sé það gert, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglustjóra, er kveður með sér tvo kunn-

uga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggji svo, að það tálmi veiðinni. Úrskurði þeir, að svo sé, og annað jafntryggt lægi sé fánlegt í nánd, er heimilt að færa skipið úr stað eftir tilvísun lögreglustjóra, svo framarlega að eigandi skipsins eða umsjónarmaður þess ekki gerir það tafarlaust, eftir að honum hefur verið birtur úrskurðurinn.

■ **2. gr.**

□ Kostnað þann, sem leiða kann af færslu skipsins, skal skipseigandi greiða. Ferðakostnaður lögreglustjóra og borgun fyrir álitserðina greiðist af gerðarbeiðanda samkvæmt 5. gr. laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kaupþúnum o.fl. 13. mars 1891.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Nú l. 75/1917, 5. gr.